

Nr. 034 / 12 Ólafur Magnússon HU 54***Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2183
Smíðaður: Hafnarfirði 1992 plast
Stærð: 6,1 brl. 9,3 bt.
Mesta lengd: 10,86 m Skráð lengd: 9,88 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar 257 kW 2004
Fjöldi skipverja: 3



Ólafur Magnússon ©Emil Páll Jónsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvassyni, Hilmari Snorrassyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. apríl 2012 var Ólafur Magnússon HU 54 á siglingu skammt undan Króksbjargi á Skaga. Veður: Logn og léttskýjað.

Verið var að gera netatrossu til grásleppuveiða klára með því að leggja hana niður aftur á skut og var siglt á hægri ferð þegar bátsverjar urðu varir við að vélin þyngdi á sér. Skipstjórinn kúplaði þegar frá skrúfu en í ljós kom að bauja og færi voru í henni. Reynt var að kúpla inn aftur en við það stöðvaðist vélin og var þá óskað eftir aðstoð.

Björgunarskipið Húnabjörg dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að veiðarfærin sem fóru í skrúfunu voru frá öðrum bát. Fram kom að um aðgæsluleysi hefði verið að ræða þar sem báturinn hefði verið kominn inn á lagnasvæði og sólargeislar á haffletinum hamlað útsýni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.